



Sérfræðingur í Bjarkarhlíð – miðstöð fyrir brotaþola ofbeldis

Óskað er eftir umsækjendum í starf sérfræðings í Bjarkarhlíð –miðstöð fyrir brotaþola ofbeldis. Bjarkarhlíð mun hefja starfsemi sína í ársbyrjun 2017. Þar verður veitt samhæfð þjónusta og ráðgjöf fyrir fullorðna einstaklinga sem beittir hafa verið ofbeldi. Starfið felur í sér þátttöku í uppbyggingu og þróun þjónustu Bjarkarhlíðar, ásamt fræðslu, kynningarmálum og ráðgjöf. Verkefnið er þróunarverkefni til ársloka 2017.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Þátttaka í mótun þjónustu og starfsemi Bjarkarhlíðar
- Umsjón með fræðslu- og kynningarefni
- Ráðgjöf og upplýsingar til brotaþola ofbeldis
- Umsjón með vefsíðu

Menntun- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði sálfræði, félagsráðgjafar, hjúkrunarfræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Þekking á birtingarmyndum ofbeldis.
- Reynsla af fræðslu og kynningarmálum.
- Reynsla af ráðgjöf í ofbeldismálum.
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð.
- Lipurð í mannlegum samskiptum og þjónustugleði.
- Reynsla af miðlun upplýsinga í ræðu og riti.
- Góð enskukunnátta og kunnátta í þriðja tungumáli er kostur.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfshlutfall sérfræðings er 100%.

Bjarkarhlíð –miðstöð fyrir brotaþola ofbeldis er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, velferðarráðuneytis, innanríkisráðuneytis, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Samtaka um kvennaathvarf, Stígamóta, DrekaSlóðar, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Kvenna-ráðgjafarinnar.

Upplýsingar um starfið veitir Ragna Björg Guðbrandsdóttir verkefnastjóri Bjarkarhlíðar í tölvupósti: ragna.bjorg.gudbrandsdottir@reykjavik.is og í síma 862-8087

Umsóknarfrestur er til 23. desember 2016. Umsækjendur sækja um á vefsíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/laus-storf